

Iðnþing, 15. mars 2002  
Vilmundur Jósefsson, formaður

### **Starfsskilyrði fyrirtækja**

Ég vil byrja á því að fjalla nokkuð um helstu áhersluatriði stjórnar og ráðgjafaráðs Samtaka iðnaðarins á liðnu starfsári. Auk Evrópumála og tilkomu evrunnar, sem vikið verður að hér á eftir, má nánast draga höfuðmarkmið okkar saman í eina setningu:

Stöðugleikinn er það sem iðnaður þarfnast umfram allt annað.

Hann byggist á að við losnum við sveiflur í gengi, vöxtum og fjármagnskostnaði og að vextir lækki því að íslensk fyrirtæki þola ekki til lengdar að búa tvöfalda vexti miðað við keppinautana. Minnkandi verðbólga gefur fullt tilefni til vaxtalækkana. Í því sambandi ber að horfa til framtíðar en ekki fortíðar þegar Seðlabankinn metur stöðuna.

Stjórnvöld hafa fylgt eftir yfirlýsingum sínum um lagfæringar á skattkerfinu og því ber að fagna. Lækkun tekjuskatts er mjög mikilvæg en afnám stimpilgjalda og eignarskatts er einnig mjög brýn. Þá ber að halda áfram að vinna að því að útrýma vörugjöldum sem fela í sér tvöfalt kerfi neysluskatta.

Samræmdar reglur eiga að gilda um innkaup ríkis og sveitarfélaga. Arðsemi á að ráða framkvæmdum og gæta verður þess að verklegar framkvæmdir hins opinbera ýti ekki undir sveiflur, heldur á að beita þeim til þess að draga úr sveiflum.

### **Framtíðarsýn**

Mörg undanfarin ár hafa Samtök iðnaðarins lagt talsverða vinnu í að móta framtíðarsýn fyrir iðnaðinn í landinu. Þetta á jafnt við um iðnaðinn í heild, einstakar greinar iðnaðar og Samtökin sjálf. Fjölmargir félagsmenn hafa tekið þátt í þessu starfi en einnig aðilar sem við eigum samstarf og viðskipti við. Starf án markmiða er eins og ferð án áfangastaðar. Í stað þess að velta vöngum yfir því á hverju við höldum að við munum lifa á nýbyrjaðri öld eigum við að móta okkur stefnu um það hvernig við viljum að íslenskt atvinnulíf og samfélag líti út eftir fimm eða tíu ár.

Örar tækniframfarir og breytingar í alþjóðlegum viðskiptum hafa orðið til þess að við sjáum æ skemmra inn í framtíðina og varla tjáir að reyna að skyggjast lengra en umrædd fimm til tíu ár fram í tímann. Það einkennilega er að aukin tæknivæðing kallar stöðugt á meira skipulag og áætlanagerð. Ekki áætlanagerð með gamla austantjalds laginu, sem ætlað var að leysa markaðsstarfsemi af hólmi, heldur stjórnþæki í öguðum og tæknivæddum rekstri. Í þessu sambandi má rifja upp söguna af Henry Ford, sem fór út í næstu reiðhjólaverslun og fékk þar keypt flest það sem hann þurfti í fyrsta Fordbílinn. Núna tekur það Fordverksmiðjurnar mörg

misseri að hanna og undirbúa framleiðslu nýrrar tegundar af bíl. Hlutirnir koma víða að og þurfa að berast á réttum tíma en til þess að allt gangi upp þarf nákvæma hönnun, flókið skipulag og ótal samninga. Samfélag veiðimanna og bænda er að hluta háð duttlungum náttúrunnar en nútíma atvinnulíf krefst agaðra vinnubragða og skipulags hvort sem okkur líkar betur eða verr.

### **Víti til varnaðar**

Á mestu verðbólguárum síðustu aldar var lítið um áætlanagerð og markmið þeirra, sem stóðu í atvinnurekstri, var í mörgum tilvikum það eitt að lifa af, eiga fyrir launum næsta föstudag og koma í veg fyrir að reksturinn stöðvaðist. Í slíku umhverfi er ógerningur að taka skynsamlegar ákvarðanir um framtíðina vegna þess að framtíðarsýnin er engin. Efnahagsstjórnin var í samræmi við þetta. Stöðug inngríp til að mæta yfirvofandi neyðarástandi. Þess á milli var gengi krónunnar langtímum saman svo hátt skráð að best borgaði sig að flytja hráefni sem minnst unnið úr landi, hvort sem um var að ræða lambakjöt í grisjupokum eða frosna fiskklumpa. Það er full ástæða til að við minnum okkur sjálf á þetta ástand sem víti til varnaðar.

### **Lifum ekki í fortíðinni**

Stundum er eins og við áttum okkur ekki á því hversu mikið efnahagslíf okkar hefur breyst. Ráðamenn þjóðarinnar og jafnvel þeir, sem atvinnu hafa af því að kynna land og þjóð, virðast stundum fastir í því sem þeir heyrðu í barnæsku um undirstöðuatvinnugreinar. Enn tala þingmenn um að við lifum á fiskveiðum þó að fiskveiðar og vinnsla séu aðeins um 10% af landsframleiðslu ársins 2000 og flestir halda að 80 % af útflutningstekjum okkar komi frá sjávarútvegi en rétt er að hlutur sjávarafurða var 38% af útflutningstekjum vöru og þjónustu á síðasta ári.

Þegar horft er til þess hvernig við verjum fjármunum til rannsókna og þróunarstarfs virðist einnig fremur lítið til fortíðar en framtíðar hvað varðar hlutdeild tiltekinna atvinnugreina.

### **Sofið á verðinum**

Árin 1994-2000 voru lengsta hagvaxtarskeið í sögu íslenska lýðveldisins og við vorum ótrúlega fljót að sannfæra okkur um að verðbólga, gengisfellingar, gjaldþrot og atvinnuleysi væru eitthvað sem tilheyrði liðinni tíð. Við vildum trúa því að eitthvað hefði breyst sem tryggði að sveiflurnar og efnahagsvandræðin endurtækju sig ekki. Hvort sem þessari trú er um að kenna eða ekki þá verður varla um það deilt að við höfum flotið sofandi að feigðarósi í efnahagsmálum. Laun og annar kostnaður hér á landi hækkuðu langt umfram framleiðniaukningu og umfram það sem keppinautar okkar og nágrannar búa við. Samkeppnisstaða okkar, sem gjarna er mæld sem þróun raungengis, versnaði til muna. Aukin neysla, bæði samneysla og einkaneysla, olli gífurlegum viðskiptahalla. Vaxtahækkanir, sem ætlað var að draga úr verðbólgu, komu of seint og virtust kynnda undir verðbólguna fremur en að draga úr henni.

## **Öðruvísi uppsveifla**

Raunar má furðu gegna hversu vel fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisgreinum vegnaði við þessi skilyrði. Skýringin er sú að þessi uppsveifla var að því leyti öðruvísi en hinar fyrr á öldinni, að nú ríkti að minnsta kosti framan af, stöðugleiki í verðlagi og gengi. Með gengishækkunum ársins 2000, sem knúnar voru fram með ótal vaxtahækkunum, brast tiltrú markaðarins og gengishrun krónunnar fór af stað.

Það hefur valdið bæði undrun og jafnvel reiði að iðnaðurinn skuli hvorki fagna hækkun né lækkun á gengi krónunnar. Sumum virðist ómögulegt að skilja að það eru sveiflurnar sem skaða iðnaðinn og stöðva hagvöxtinn.

## **Heimatilbúinn vandi**

Efnahagsvandi okkar er heimatilbúinn og við verðum sjálf að koma okkur út úr þeim vanda. Því er ástæða til að fagna því samkomulagi sem tókst milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda í desember síðastliðnum og ég vil hvetja alla félagsmenn Samtaka iðnaðarins til þess að gæta fyllsta aðhalds í rekstri á öllum sviðum. Beitum ströngu aðhaldi varðandi innkaup, launakostnað og eigin verðlagningu. Það er afar mikið í húfi að ná tökum á verðbólgunni. Það hreinlega verður að takast.

## **Samkeppnismál**

Íslenski markaðurinn er smár og fákeppni og jafnvel einokun einkennir hann á mörgum sviðum. Nefna má alkunn dæmi eins og flutninga, olíusölu, tryggingar og bankastarfsemi. Fákeppni og einokun eru aldrei til góðs. Þar með er ekki sagt að þessi fyrirtæki séu stór á alþjóðlegan mælikvarða eða að rétt sé að brjóta þau upp eins og haft hefur verið á orði. Frekar á að hafa með þeim stöðugt og sterkt eftirlit. Hitt er þó mikilvægara að auðvelda og greiða fyrir erlendri samkeppni og fjárfestingum á þessum sviðum. Þar með fá fyrirtækin nauðsynlega samkeppni sem bráðvantar víða í íslensku atvinnulífi. Besta leiðin til þess er að gera allt viðskiptaumhverfi hér sem líkast því sem tíðkast í nágrennalöndum okkar. Framandleiki, sérreglur og frávik eru þyrnir í augum allra þeirra sem leiða hugann að fjárfestingum hérlendis. Án nokkurs vafa vegur hér þyngst að losa okkur við krónuna og tryggja með skýrum og afdráttarlausum hætti að umhverfi viðskiptalífsins lúti sömu reglum og annars staðar í Vestur-Evrópu. Fyrr getum við ekki vænst þess að ná bærilegum tökum á fákeppni og einokun á Íslandi.

## **Einkavæðing**

Eitt sérkenni íslensks atvinnulífs hefur löngum verið rík þátttaka ríkis- og sveitarfélaga í atvinnurekstri. Á síðustu árum hefur aðeins dregið úr þessu en hvergi nærri nóg. Nægir þar að nefna bankakerfið, Landssímann og ÁTVR. Hér verður að taka á hlutunum af miklu meiri festu en hingað til. Allur slíkur rekstur er betur kominn í höndum einkaaðila sem bera á honum fulla ábyrgð.

Margar opinberar stofnanir og fyrirtæki sýsla með mikla fjármuni og ráðstafa þeim til innkaupa og framkvæmda hins opinbera. Sumar hverjar

virðast lifa býsna sjálfstæðu lífi og embættismenn hafa mikil völd og frjálsræði í störfum sínum. Samtök iðnaðarins hafa t.d. bent á að það er ekki í takt við tímann að stofnun eins og Vegagerðin hefur enga stjórn. Þar ráða embættismenn einir ríkjum. Samtökin telja eðlilegt að yfir Vegagerðinni sé stjórn með aðild hagsmunaaðila, líkt og í fluginu.

### **Hagnýt viðmið (Benchmarking)**

Við Íslendingar erum vissulega ánægðir með þær framfarir sem orðið hafa á mörgum sviðum en við megum ekki ofmetnast. Við þurfum að horfa til þess hvað er að gerast í löndunum í kringum okkur og draga lærdóm af því sem til fyrirmyndar er en varast víti mistaka þeirra. Þetta á jafnt við um starfsskilyrðin sem stjórnvöld móta og rekstur einstakra fyrirtækja. Vegna smæðarinnar og samkeppninnar utanfrá þurfum við að læra af þeim sem best standa sig hvort sem það er í menntamálum eða framleiðslutækni.

### **Iðn- og tæknimenntun hornreka**

Tölvu- og hátækni iðnaður hefur vissulega vaxið hér hröðum skrefum undanfarin ár og er orðinn mikilvægur þáttur í atvinnulífi okkar. Við stöndum framfarlega hvað varðar hugbúnaðargerð og notkun tækninnar en í framleiðslu erum við eftirbátar annarra. Við viljum raunar líka telja okkur til tekna að við séum ákaflega vel menntuð og vinnusöm þjóð en í alþjóðlegum samanburði er ekki að sjá að nokkur fótur sé fyrir þeim fullyrðingum. Við stöndumst ekki öðrum þjóðum snúning í framleiðni á klukkustund. Háskólamenntuðum hefur að vísu fjölgað nokkuð undanfarinn áratug en starfs-, iðn- og tæknimenntuðu fólki fer hækkandi að sama skapi. Þessar greinar eru hornreka í menntakerfi okkar. Það vita og viðurkenna flestir sem til þekkja. Ófaglært fólk með grunnmenntun er yfir 40% af vinnuaflinu og það hlutfall fer hækkandi. Við byggjum ekki upp tæknivæddan iðnað án þess að mennta fólk til starfa þar. Iðnaðurinn þarf að koma mun meira að skipulagi og stjórn iðn-, verk- og tæknimenntunar.

### **Staða smáþjóða í Evrópusambandinu**

Þegar við hugum að því hvar við viljum skipa okkur í sveit í samfélagi þjóðanna er rétt að skoða hvernig öðrum þjóðum hefur vegnað í samanburði við okkur. Innan Evrópusambandsins eru 15 sjálfstæð ríki sem eru mjög ólík að menningu, fólksfjölda, flatarmáli og atvinnulífi. Þrátt fyrir þetta hefur hin nána samvinna milli þeirra tekist vel í aðalatriðum og ekki er í neinu þeirra nokkur alvarleg umræða um að snúa til fyrra horfs. Fyrir okkur er athyglisvert að skoða hvernig fámennustu ríkjunum innan ESB hefur vegnað og hver viðhorfin til aðildarinnar eru. Fámennustu ríkin eru Lúxemborg, Írland, Finnland og Danmörk með íbúa á bilinu 450 þúsund til um 5 milljónir.


Í síðustu könnun EuroBarometer, sem mælir reglulega viðhorf fólks innan ESB, kemur fram að 80% Lúxemborgara og Íra telja að aðildin að ESB sé góð. 60% Dana, sem eru frægir fyrir að vera gagnrýnir á ESB, eru þrátt fyrir allt jákvæðir. Finnar, sem hafa verið langstyst þessara þjóða í ESB,

eru ekki eins vissir í sinni sök. Þar telja 37% aðildina góða og álíka margir hvorki góða né slæma. Þessar niðurstöður eru sláandi.

Þessi fjögur ríki eiga ekki margt sameiginlegt annað en að vera smáríki innan ESB. Írland var fátækt bændasamfélag sem er að verða tæknivætt og alþjóðavætt. Lúxemborg er á miðju meginlandinu og hefur breyst úr stál- og kolaframleiðanda í fjármálamiðstöð. Finnland var mjög háð timburiðnaði og viðskiptum við Sovétríkin en er nú framsækið tæknisamfélag. Danir voru og eru enn miklir útflytjendur landbúnaðar-afurða en iðnaður þeirra hefur vaxið og dafnað.

Ekki er annað að sjá en þessum þjóðum hafi vegnað vel innan ESB og það má staðfesta með nokkrum tölum.


**Almennt talað telur þú að aðildin að ESB sé góð eða slæm fyrir þitt land?**



**Hagvöxtur**

Hagvöxtur þessara ríkja var að meðaltali á bilinu rúm þrjú til tíu prósent á árunum 1997 - 2001. Þetta tímabil var eitt mesta vaxtartímabil sem orðið hefur á Íslandi. Samt náðum við ekki sama árangri og flest þessi ríki. Vöxturinn hér var fjögur prósent að meðaltali, reyndar var hann minni í Danmörku, eða tæp þrjú prósent.


**Hagvöxtur meðaltal 1997 - 2001**



### Viðskiptajöfnuður

Viðskiptajöfnuðurinn var frá því að vera neikvæður um þrjú prósent í það að vera jákvæður um sex prósent. Hjá okkur var hann neikvæður um hvorki meira né minna en tæp sjö prósent að meðaltali.


### Viðskiptajöfnuður meðaltal 1997 - 2001



### Vextir

Meðaltal stýrivaxta á þessum sama tíma var á bilinu fjögur til tæp fimm prósent. Þeir voru hins vegar rúm níu prósent hjá okkur, eða helmingi hærri.


### Stýrivextir meðaltal 1997 - 2001



## Útflutningur

Ef við skoðum hver hefur verið aukning útflutnings umfram aukningu landsframleiðslu kemur í ljós að hún var á bilinu þrjú til sex prósent að meðaltali. Hjá okkur var hún aðeins eitt prósent.

### Útflutningsvöxtur meðaltal 1997 - 2001



### Smárikjunum vegnar vel innan ESB

Á öllum þessum sviðum hefur þessum nágrönnum okkar vegnað miklu betur en okkur og sömuleiðis mun betur en flestum stærri aðildar-ríkjunum.

Þetta er dregið fram til þess að sýna og rökstyðja að það er bábilja að halda því fram að aðild að ESB henti ekki smárikjum, þau verði leiksoppar í valdatafli stóru ríkjanna og ekkert tillit sé tekið til hagsmuna þeirra. Þessum ríkjum vegnar vel og á mörgum sviðum mun betur en okkur. Þessar þjóðir hafa hvorki verið sviptar frelsi sínu né fullveldi hvað þá að helstu hagsmunir þeirra í efnahagsmálum hafi verið fótum troðnir. Það er ekkert sem bendir til annars en hið sama muni gilda um okkur.

### Staða Íslands

Við Íslendingar höfum verið aðilar að innri markaði Evrópu frá 1994. Það er óumdeilt nú að EES – samningurinn var mikið heillaspor fyrir okkur. Á þeim markaði er frjálst flæði vöru, þjónustu, fjármagns og fólks á milli landa. Á opnum og frjálsum markaði má ekki miklu muna í samkeppnis-stöðunni. Fyrirtæki okkar geta hæglega orðið undir ef á þau hallar, ekki síst ef þau þurfa til langframa að greiða mun hærrí vexti en keppnautarnir.

### Evrán

Tilkoma evrunnar sem myntar nú um áramótin í 12 af 15 ESB löndum er stærsta skrefið sem stigið hefur verið í þá átt að auðvelda viðskipti á ESB svæðinu. Sameiginleg mynt gerir öll viðskipti auðveldari og ódýrari og um leið hverfur gengisáhætta. Í stað margra mynta í Evrópu er komin ein evrópsk mynt sem notuð verður í viðskiptum um allan heim. Almennungur

og fyrirtæki á svæðinu verða þess lítið vör þó að gengi evru og dollars sveiflist innbyrðis því að yfirgnæfandi hluti viðskiptanna fer fram innan svæðisins.

Það er vissulega áhyggjuefni fyrir okkur að við munum ekki njóta gengisstöðugleika og lægri vaxta sem keppinautar okkar innan ESB búa nú þegar við. Veikur og óstöðugur gjaldmiðill okkar fælir frá erlenda fjárfestingu og veldur því til dæmis að við semjum um meiri launahækkanir en aðrar þjóðir vegna þess að launin eru greidd í lélegri mynt. Varleg áætlun bendir til þess að við greiðum a.m.k. þrjú prósent af landsframleiðslunni árlega í aukakostnað sem rekja má til krónunnar. Þetta munu vera um 24 milljarðar króna. Okkur munar sannarlega um minna.


Það er lífsseigur en hættulegur misskilningur að okkur Íslendingum og íslenskum fyrirtækjum komi best að búa við einhverjar allt aðrar leikreglur og starfsskilyrði en aðrar þjóðir. Reynslan, m.a. af EES – samningnum, sannar að okkur hentar best að búa við skýrar leikreglur og atvinnulífinu hentar einnig stöðugt verðlag og gengi og eðlilegt vaxtastig. Það fáum við ekki meðan við höldum í íslensku krónuna.

### **Þjóðin hefur skoðanir**

Þjóðin er þeirrar skoðunar að við eigum að verða aðilar að ESB. Könnun PriceWaterHouseCoopers frá því í janúar sýndi að 66% töldu að hefja ætti viðræður um aðild. Gallup gerði viðhorfsrannsókn fyrir Samtök iðnaðarins dagana 14. til 26. febrúar sl. um aðild að ESB og spurði sjö spurninga. Svo vildi til að könnunin var gerð einmitt á þeim tíma sem örlítill fjörkippur hafði færst í umræðuna um Evrópumálin á pólitískum vettvangi. Í ljósi þess eru niðurstöðurnar enn merkilegri en ella. Niðurstaðan er sú að stuðningsmenn aðildar að ESB hafa ekki verið fleiri síðan 1998. Könnunin verður birt í heild á vefsetri Samtakanna í dag.

Við spurningunni „Ertu hlynntur eða andvígur aðild Íslands að Evrópusambandinu?“ sögðust 52% hlynnt aðild, 23% hvorki né og 25% andvíg. Það eru því hvorki meira né minna en helmingi fleiri sem eru hlynntir aðild en þeir sem eru andvígir. Á einu ári hefur þeim sem eru hlynntir aðild fjölgað um heil 9 prósentustig.


### **Ertu hlynntur eða andvígur aðild Íslands að ESB?**






Áfram var spurt: „Ertu hlynntur eða andvígur því að taka upp evru sem gjaldmiðil á Íslandi í stað krónunnar?“ og sögðust 55% hlynnt, 12% hvorki né og 33% andvíg. Ef við skoðum hver þróunin hefur verið frá því í ágúst í fyrra þá kemur í ljós að þeim, sem eru hlynntir upptöku evrunnar, hefur fjölgað um hvorki meira né minna en 11 prósentustig síðan í ágúst og þeim sem eru á móti fækkað að sama skapi.

**Ertu hlynntur eða andvígur því að taka upp evru sem gjaldmiðil á Íslandi í stað krónunnar?**




**Ertu hlynntur eða andvígur því að taka upp evru sem gjaldmiðil á Íslandi í stað krónunnar?**




Við spurningunni „Telur þú að það sé gott eða slæmt fyrir efnahag Íslands í heild að ganga í ESB?“ sögðu 67% það gott, 14% hvorki né og slæmt sögðu aðeins 20%.

**Telur þú að það sé gott eða slæmt fyrir efnahag Íslands í heild að ganga í ESB?**



Þá var spurt „Ertu hlynntur eða andvígur því að taka upp aðildarviðræður við ESB til þess að ganga úr skugga um hvað Íslandi stendur til boða við aðild?“ Hér er niðurstaðan svo afgerandi að um þetta efni þarf ekki frekar vitnanna við. 91% sögðust hlynnt, hvorki né 4% og andvíg aðeins 5%.

**Ertu hlynntur eða andvígur því að taka upp aðildarviðræður við ESB til þess að ganga úr skugga um hvað Íslandi stendur til boða við aðild?**



**Ekki eftir neinu að bíða**

Hver könnunin á fætur annarri sýnir, svo að ekki verður um villst, hver er hugur meirihluta þjóðarinnar í þessum efnum. Félagsmenn Samtaka iðnaðarins eru sömu skoðunar, sbr. könnun sem gerð var síðast liðið haust.

Í morgun samþykkti Iðnþing ályktun þar sem segir m.a:

**Samtök iðnaðarins hafa mótað sér þá stefnu að rétt sé að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Rökin eru fyrst og fremst efnahagsleg og lúta að starfsskilyrðum fyrirtækja á Íslandi og líf skjörum almennings. Önnur mikilvæg rök varða fullveldi landsins og þátttöku við mótun og töku ákvarðana sem snerta hagsmuni og framtíð þjóðarinnar á flestum sviðum.**

### **Hefjumst handa**

Niðurstaða okkar er sem sagt að hefjast eigi handa enda ekki eftir neinu að bíða. EES-samningurinn, sem við studdum með ráðum og dáð, hefur dugað vel. Hann var hins vegar gerður við tilteknar aðstæður og forsendur sem hafa breyst. Í ljósi þess hve örur breytingar eru í alþjóðaviðskiptum og -samskiptum er engin von til þess að nokkur viðskiptasamningur, hversu vel sem hann er gerður í upphafi, geti staðið óbreyttur um langa hríð. EES-samningurinn er þess vegna ekki í okkar huga framtíðarlausn í samskiptum okkar við ESB. Uppfærsla hans eða tæknilegar breytingar þjóna því ekki tilgangi nema sem biðleikur á meðan við semjum um aðild. ESB hefur raunar svarað því skýrt að það ræðir ekki við okkur um uppfærslu á næstu misserum og árum.

Ef að líkum lætur munum við fá að heyra það að upptaka evrunnar sé engin skyndilausn á efnahagsvanda okkar og það er vissulega rétt. Það hefur heldur ekki farið fram hjá neinum að aðild að ESB er ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar. EES – samningurinn hefur reynst okkur vel. Hann er eins og hann var og hefur ekkert breyst. Það er líka rétt. Nokkurn veginn svona er Evrópuumræðan á Íslandi. Gallinn er bara sá að niðurstaðan, sem menn fá út úr þessari umræðu, er sú að okkur liggi ekkert á að gera neitt og aðild að ESB sé margra ára verkefni. Það er kolröng niðurstaða.

Því fyrr sem við tökum af skarið um þessi efni því betra. Þá verður ljóst hvert við ætlum og hvaða árangri við þurfum að ná í efnahagsmálum til þess að taka upp evruna. Þetta mun hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið, örva fjárfestingar, auka stöðugleika og lækka vexti. Við þurfum að vinna markvisst að því að uppfylla skilyrði fyrir aðild að efnahags- og myntbandalagi Evrópu.

Sú ákvörðun ein að sækja um aðild að Evrópusambandinu mun koma að miklu gagni í þeim efnum.

### **Þökk fyrir**